

Útdráttur úr brjefi landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vestur-<sup>91</sup>amtinu um hlunnindi handa sparisjóði. — Með brjefi þessu voru sparisjóði í Stykk-<sup>15. júní.</sup> ishólmi veitt hlunnindi þau, er um ræðir í tilsk. 5. jan. 1874 um 5 ára tímabil, er teljist frá 1. júlí 1892 til 1. júlí 1897. Hlunnindin voru bundin venju-  
legum skilyrðum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsályktan út af tillögum við <sup>92</sup>landsreikningana 1888 og 1889. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 20. desbr. f. á., hafð <sup>24. júní.</sup> þjer, herra landshöfðingi, sent hingað 2 ályktanir, samþykktar á síðasta alþingi út af tillögum endurskoðunarmanna við landsreikningana 1888 og 1889, og er önnur samþykkt af efri deild alþingis, svohljóðandi:

»Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina að hlutast til um:

1. Að fækkað verði býlum á jörðum landssjóðs í Vesturskaptafellssýslu, jafn-  
óðum og tækifæri býðst.
2. Að landsreikningnum fylgi árlega aðalreikningur yfir viðskipti íslenzku  
og dönsku póststjórnarinnar.
3. Að gengið verði ríkt eptir því, að afborganir af skuld nokkurra hreppa í  
Snæfellsnessýslu sjeu greiddar á rjettum gjalddaga.
4. Að gjaldheimtumönnum landssjóðs verði gjört að skyldu að senda ávísanir  
upp í landssjóðstekjur til landshöfðingja eigi síðar en svo, að hann geti  
komið þeim til ráðgjafans með síðustu póstskeipsferð ár hvert, nema því að  
eins, að ávísunin eigi að ganga upp í tekjur, sem síðar falla í gjalddaga,  
þá sje hún afgreidd sem fyrst eptir árslok.

En hin er samþykkt af neðri deild þingsins, og hefur auk áskorana þeirra, er  
efri deild hefur samþykkt, tvo aðra liði inni að halda:

1. »Að skýrsla um allar reikningsábyrgðir, sem úrskurðaðar eru á hverju ári,  
fylgi landsreikningnum framvegis;
2. Að afgjaldaskrár umboðsjarða sjeu árlega prófaðar á manntalsþingum.

Þjer hafð af ástæðum þeim, er fram eru teknar í brjefi yðar, lagt það  
til, að allar þær ofangreindar tillögur, sem samþykktar eru af báðum deildum,  
og hin fyrri af tillögum þeim, er neðri deild ein hefir samþykkt, sjeu til greina  
teknar. Viðvíkjandi hinni síðari tillögu neðri deildar hafð þjer tekið fram, að  
þjer getið ekki sjeð þörf eða gagnsemi slíkrar ráðstöfunar; prófun afgjalda-  
skrána á þingi mundi fara svo fram, að hlutaðeigandi sýslumaður á mann-  
talsþingi hverju læsi upp skrá, er umboðsmaður semdi, um afgjöld þeirra lands-  
sjóðsjarða, er innan þinghár lægju, og spyrði síðan þingheim, hvort nokkur  
hefði nokkuð gegn skránni að athuga, og skyldi sýslumaður svo rita vottorð  
sitt á skrána, er síðan væri til leiðbeiningar við endurskoðun umboðsreikning-  
anna; en þetta álitíð þjer enga tryggingu, þar sem það væri undir atvikum  
komið, hvort hlutaðeigandi leiguliðar væru á þingi við upplestur skrána, og  
auk þess ónaudsynlegt, með því að enginn hafi betri föng á að sannfæra sig  
um, hvort skrárnar eru rjettar, en hin umboðslega endurskoðun, sem árlega

1. dag septbr.mán. 1892.

**92** fær staðfest eptirrit af öllum byggingarbrjefum fyrir landssjóðsjörðum, sem út eru  
24. júní. gefin og staðfest af amtinu.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna, að eins og jeg fellst á tillögur yðar, að því er snertir ályktunarliði þá, er báðar deildir þingsins hafa samþykkt, og hinn fyrri ályktunarlið, er neðri deildin hefir samþykkt, þannig verð jeg að vera yður samdóma um, að ekki sje ástæða til, að gjöra neitt til fullnægju hinum síðari ályktunarlið, er samþykktur er af neðri deildinni einni.

**93** Brjef landshöfðingja til *amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um*  
11. júlí. **skipting Helgafellssveitar í 2 hreppsfjelög.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 28. f. m., hafð þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dags. 23. maí f. á., og þar með fylgjandi erindi hreppsnefndarinnar í Helgafellssveit um skipting á Helgafellssveit í 2 hreppsfjelög, ásamt meðmælum sýslunefndarinnar, og hefur bæði sýslumaðurinn og þjer, herra amtmaður, lagt það til, að tjeðri hreppskipting verði framgengt á þann hátt, er nákvæmar er greint í brjefi sýslumannsins.

Fyrir því skal samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað fyrir svo, sem hjer segir:

1. Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu skal skipt í tvo hreppa, er nefnist Stykkishólmshreppur og Helgafellssveit. Takmörk milli hreppanna skal vera landamerkjaliná súa, er nú er haldin milli Jónsness og Ögurs, þannig, að Jónsnes verði í hinum nýja hreppi Helgafellssveit, og Helgafellssókn öll og Bjarnarhafnar, svo og bæirnir Kárastaðir, Örlygsstaðir og Úlfarsfell, en Stykkishólmshreppur nái yfir alla Stykkishólmssókn.
2. Öllum eignum, skuldum og ómagameðlögum hinnar núverandi Helgafellssveitar, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt á milli hinna nýju hreppa að tiltölu við sveitarútsvörin 5 síðastliðin fardagaár, eins og þau hafa verið í hvorum hluta hins núverandi hrepps fyrir sig, og eptir sama hlutfalli skal skipta ómagameðlögum, sem síðar kunna til að koma og sem eiga rót sína í því ástandi sem var, meðan hinir nýju hreppar voru eitt sveitarfjelag.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram þegar er amtmaður hefir ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og ómagameðlögum, og sýslunefndin skera úr, ef ágreiningur verður.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.